

Mál nr. 4 /2011
Markaregn
gegn
KFG

Kæra til Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Reykjavík, 21. júlí 2011

Kæra Markaregns

Kærandi Markaregn, kt. 570904-3290, fyrirvarsmaður Ingvar Magnússon, sími 773-0400, tölvupóstfang ingvar@gardmeistarar.is, leggur fram eftirfarandi kæru á hendur KFG, kt. 710308-1870, fyrirvarsmaður Lárus Þór Guðmundsson og mótanefnd KSÍ, fyrirvarsmaður Birkir Sveinsson mótastjóri.

Dómkröfur

Kærandi fer aðallega fram á að úrslitum úr leik KFG og Markaregns sem fram fór föstudaginn 15. júlí 2011 verði dæmd ógild og Markaregni verði dæmdur sigur, en til vara er þess krafist að leikurinn verði háður að nýju.

Málavextir

Mótanefnd setti dómarann Jóhann Steinar Ingimundarson sem aðstoðardómara eftir að hafa leitað aðstoðar KFG við að afla dómara. Umræddur dómari er skráður gjaldkeri KFG og er einn af stofnendum félagsins. Markaregn gerði ekki athugasemd við umræddan dómara fyrr en á u.þ.b. 75 mínútu leiksins, en félaginu var ekki kunnugt um tengsl dómarans fyrr en á þeim tímapunkti.

Tilvísanir

Í handbók KSÍ dómara sem gefin var út á árinu 2010 kemur fram að félag dómara og venslafélag þeirra hafi áhrif á niðurröðun þeirra á verkefni. Ljóst er að með því er verið að komast hjá því að hlutleysi dómara verði dregið í efa.

Röksemdir

Ljóst er að annar af aðstoðardómurum leiksins er skráður sem gjaldkeri KFG og hefur því veruleg tengsl við það félag, en gjaldkeri er eitt fjögurra stöðugilda sem KSÍ gerir kröfu um að aðildarfélögin geri grein fyrir. Af því leiðir að aðstoðardómari, sem stofnandi og gjaldkeri

KFG, hafði verulegra hagsmuna að gæta af úrslitum leiksins. Þá kom fram í samtali við dómara leiksins að honum hefði ekki verið gerð grein fyrir umræddum tengslum aðstoðardómarans við KFG. Á sama tíma fór fram leikur á Leiknisvelli milli KB og Stál-úlfs í sömu deild. Hefði því hæglega verið hægt að raða aðstoðardómurum þannig niður að þeir hefðu ekki hagsmuna að gæta.

Gögn

Leikskýrsla

Útprintun af skráningu starfsfólks KFG af vefsíðu KSÍ

Vitni

Ingvar Magnússon

Fyrir hönd Markaregns

Ingvar Magnússon *Sigurður S. Haraldsson*
Ingvar Magnússon Sigurður Stefán Haraldsson

Greinargerð KFG

Garðabær 26 júlí 2011.

Andsvar vegna kæru Markaregns vegna leiks KFG – Markaregn þann 15.07.2011

Málavextir.


Þann 15.07 um það bil 4. Klst. Fyrir viðureign KFG og Markaregns hefur Birkir Sveinsson mótstjóri KSÍ samband við undirritaðan og tjáir honum að annar aðstoðardómari leiksins hafi boðað forföll og mæti ekki til leiks. Jafnframt spyr mótstjóri hvort að í umhverfi KFG sé einhver sem geti leyst þetta verkefni. Undirritaður fellst á að kanna málið og niðustaða er sú að umræddur Jóhann Steinar Ingimundarson fellst á að taka að sér aðstoðardómgæslu í leiknum. Undirritaður hefur aftur samband við mótstjóra Birki Sveinsson, upplýsir hann að Jóhann Steinar Ingimundarson sé tilbúinn í þetta verkefni með þessum stutta fyrirvara. Mótstjóri flettir Jóhanni Steinari upp og í kjölfarið samþykkir mótstjóri aðkoma Jóhanns Steinars að aðstoðardómgæslu þessa leiks. Jóhann Steinar er vissulega skráður gjaldkeri KFG, en fyrir því eru ákveðnar ástæður sem verða núna skýrðar. **Jóhann Steinar er fyrst og fremst formaður Stjórnunnar**, það að hann sé titlaður gjaldkeri KFG atvikast af tvennu. Þegar KFG var stofnað, var það að hluta til í samtarfi við Stjórnuna. Stjarnan setti það sem skilyrði á sínum tíma að eiga einn fulltrúa í stjórn KFG sem gætti hagsmuna Stjórnunnar í samstarfinu, Jóhann Steinar var því fenginn til að gegna stöðu í stjórn KFG til að gæta **hagsmuna Stjórnunnar**. Jafnframt var Jóhann Steinar fenginn til að gegna stöðu gjaldkera, til þess að undirritaður væri ekki með alla þræði KFG á sínum höndum. Enda í hæsta máta óeðlilegt að undirritaður væri formaður, þjálfari og jafnframt fjársýslumaður KFG. Enda hefur hlutverk Jóhanns Steinars eingöngu verið fólgið í því, að sjá um greiðslur reikninga fyrir KFG. Jóhann Steinar er að öðru leiti ekki í neinu hlutverki hjá KFG, og sem dæmi er þessi leikur gegn Markaregni, eini leikur tímabilsins sem Jóhann Steinar hefur verið viðstaddur hjá KFG. Þess má einnig geta að fyrirvarsmaður Markaregns tjáði undirrituðum að óánægja með aðstoðardómara tengdist ekki frammistöðu hans í leiknum.

Þá vil ég jafnframt benda á það að þann 27 maí 2011 fór fram leikur Markaregns og KFG á Ásvöllum íþróttasvæði Hauka. Markaregn er jú eins og menn vita afsprengi Hauka. Að þeim leik loknum fór KFG að velta fyrir sér einkennilegri frammistöðu dómara leiksins. Dómarinn Guðmundur Ársæll Guðmundsson var í aðalhlutverki í leiknum og meðal margra einkennilegra dóma var brottrekstur leikmanns KFG strax í fyrri hálfleik, fyrir litlar sakir að mati KFG. Þegar málið var kannð kom í ljós að umræddur dómari Guðmundur Ársæll hafði skömmu fyrir mót skipt um félag, farið úr sínu félagi Haukum yfir í Huginn. Það var undarlegt að maður sem þekkti nánast alla leikmenn Markaregns með nafni skildi vera látinn dæma

þennan leik. Enda þegar varamenn og þjálfari (Markaregns) hvöttu sína menn af varamannabekk meðan á leik stóð, þá hrópuðu þeir ávalt áfram Haukar.

Að lokum vísar KFG allri ábyrgð af vali aðstoðardómara þessa leiks frá sér, enda unnin í fullu samráði og með algeru samþykki KSÍ.

f.h. KFG

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Lárus Guðmundsson', written in a cursive style.

Lárus Guðmundsson

Ár 2011, þriðjudaginn 9. ágúst., er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmunssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2011

Markaregn
gegn
KFG

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Markaregn
Fyrirsvarsmaður: Sigurður Haraldsson

Kærði:

KFG
Fyrirsvarsmaður: Lárus Guðmundsson

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 21. júlí s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og barst greinargerð kærða nefndinni þann 26. júlí svo og greinargerð frá Mótanefnd Knattspyrnusambandi Íslands sama dag.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks KFG og Markaregns í 3. deild karla sem fram fór þann 15. júlí 2011 verði dæmd ógild og Markaregni dæmdur sigur. en til vara er þess krafist að leikurinn endurleikinn verði háður að nýju.

Kærði krefst þess að úrslit leiksins standi óbreytt.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að mótanefnd KSÍ hafi sett dómara Jónhann Steinar Ingimundarson á ofangreindan leik KFG og Markaregns þann 15. júlí 2011 eftir að hafa leitað aðstoðar KFG við að afla dómara. Umræddur dómari er skráður gjaldkeri KFG og er einn af stofnendum félagsins. Kærandi gerði ekki athugasemd við umræddan dómara fyrr en á 75 mín. leiksins en félaginu var ekki kunnugt um tengsl dómara fyrr en á þeim tímapunkti.

Kærandi vísar í handbók dómara frá 2010 þar sem fram komi að félag dómara og venlafélag þeirra hafi áhrif á niðurröðun þeirra í verkefni og með því sé verið að komast hjá því að

hlutleysi dómara sé dregið í efa.

Kærði staðfestir í greinargerð sinni að ofangreindur dómari sé gjaldkeri KFG en hann sé hins vegar fyrst og fremst formaður Störmunnar og sé einungis í stjórn KFG til að gæta hagsmuna Stjörnnunnar í samstarfi félaganna. Þá beri KFG enga ábyrgð á vali aðstoðardómara umdrædds leik það hafi verið gert í fullu samráði og samþykki KSÍ.

Mótanefnd KSÍ vísar í greinargerð sinni til greinar 38.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar séu tekin af öll tvímæli um rétt til að mótmæla atriðum er varða undirbúning eða framkvæmd leiks. Þá er tekið fram að kæran beinist að röngum aðila þ.e. mótnefnd KSÍ og því beri að vísa henni frá.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er óumdeilt að annar aðstoðardómari ofangreind leiks var Jóhann Steinar Ingimundarson en hann er jafnframt gjaldkeri KFG kærða í þessu máli.

Í 38. gr. 1. tl. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir: "Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, eða hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrót".

Þessi regla er mjög skýr. Í kæru Markaregns kemur fram að athugasemd vegna ofangreinds aðstoðardómara hafi verið gerð á 75. mín. leiksins og var hún því of seint fram komin. Verður því ekki fallist á kröfu kæranda.

Úrslit leiks KFG og Markaregns í 3. deild AÍ sem fram fór þann 15. júlí 2011 standa óhögguð.


IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik KFG og Markaregns í 3. deild A sem fram fór þann 15. júlí 2011 skulu standa óhögguð.


Gunnar Guðmundsson


Helgi R. Magnússon


Sigurður I. Halldórsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.